HVALFJARÐAR
SVEIT

SUMAR

Í HVALFJARÐARSVEIT

2025

Sumar í Hvalfjarðarsveit

Ýmsir viðburðir á vegum eða í tengslum við sveitarfélagið verða í boði í Hvalfjarðarsveit í sumar. Vonandi mun þetta kynningarrit veita góða innsýn í starfsemi sumarsins. Íbúar og aðrir hagaðilar er einnig hvattir til að fylgjast með á heimasíðu og fésbókarsíðu sveitarfélagsins.

Stjórnsýsluhús/ skrifstofa

Skrifstofa Hvalfjarðarsveitar verður lokuð vegna sumarleyfa frá og með 21. júlí til og með 1. ágúst nk.

Skrifstofa Hvalfjarðarsveitar er opin mánudaga til fimmtudaga kl. 10:00 - 15:00. Föstudaga kl. 10:00 - 12:00.
Sími 433 8500
Netfang: hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is

Vinnuskóli

Vinnuskóli Hvalfjarðarsveitar er fyrir unglinga á aldrinum 14-17 ára. Vinnuskólinn vinnur 7 tíma á dag fjóra daga vikunnar.

Markmið vinnuskólans er að veita unglingum í sveitarfélaginu sumarvinnu eftir skóla, kenna þeim að vinna, bera virðingu fyrir umhverfinu og náttúrunni. Nemendur vinnuskólans eru ungir að aldri og hafa afmörkuð skilgreind verkefni sem þau sinna fyrir sveitarfélagið ár hvert.

Hvalfjarðarsveit býður upp á slátt og fegrun garða í heimahúsum. Verkefni sveitarfélagsins og verkbeiðnir aldraðra íbúa Hvalfjarðarsveitar og öryrkja ganga fyrir verkbeiðnum almennings.

Reynt verður eftir fremsta megni að verða við öllum þeim beiðnum sem berast. Fylla þarf inn verkbeiðni sem finna má inni á heimasíðu Hvalfjarðarsveitar, sjá **hér** og senda á vinnuskoli@hvalfjardarsveit.is

Sími vinnuskóla er 842-5524

SumarGaman

Hvalfjarðarsveit býður upp á vor- og haust frístund/ leikjanámskeið sem kallast SumarGaman tvö tímabil í sumar, 10 daga í júní og 8 daga í ágúst. Námskeiðin fara fram í Furuhlíð Álfholtsskógi.

Börn fædd 2015-2018 er boðið upp á námskeið á virkum dögum frá 11.-25. júní, að undanskildum 17. júní sem er frídagur. Börn fædd 2016-2019 er boðið upp á námskeið á virkum dögum frá 5.-15. ágúst, að undanskildum 14. ágúst sem er endurmenntunardagur starfsfólks. Skráning á námskeiðin er í gegnum Abler/Sportabler.

Sundlaugin að Hlöðum

Sundlaugin að Hlöðum opnaði fimmtudaginn 29. maí síðastliðinn. Rekstraraðilar eru Valdimar Ingi Brynjarsson og Guðmundur Júlíusson. Nánari upplýsingar er hægt að sjá á fésbókarsíðu og instagramsíðu sundlaugarinnar. Sjá fésbókarsíðu **hér.**

Viðburðir í sumar

Menningarsjóður og Íþrótta- og æskulýðssjóður Hvalfjarðarsveitar

Veittir voru styrkir til fjölbreyttra verkefna úr Menningarsjóði annars vegar og Íþrótta- og æskulýðssjóði hins vegar. Meðal þeirra eru verkefni/viðburðir sem fyrirhugað er að fari fram í sumar.

Styrkir til ýmissa verkefna/viðburða er tengjast sundlauginni að Hlöðum voru veittir, þau verkefni sem fengu styrk eru: Wipeoutbraut í sundlauginni, fjölskyldudagur á Hvalfjarðardögum, sumarkeppni í sundlauginni, tónleikar-, uppistand og upplestur/sögustund í sundlauginni að Hlöðum.

Eftirfarandi verkefni hlutu einnig styrki:
Hrútasýning Búnaðarfélags Hvalfjarðar, sem fram fer í október.
Menningardagskrá á Hallgrímshátíð 2025, sem fram fer 25.-26. október.
Útgáfa barnabókar eftir Brynhildi Stefánsdóttur.
Vorhátíð foreldrafélags leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar.

Einnig var styrkur veittur til Ungmenna- og íþróttafélags Hvalfjarðasveitar vegna Litahlaups á Hvalfjarðardögum. Hægt að fylgjast með skráningu inn á fésbókarsíðu félagsins. Sjá fésbókarsíðu **hér.**

Sumartónleikar Hallgrímskirkju fengu styrk úr Menningarsjóði Hvalfjarðarsveita. Sjá fésbókarsíðu **hér.**

17. JÚNÍ

Í HVALFJARÐARSVEIT

HEIÐARSKÓLI

HÁTÍÐIN SETT KL. 12

Dagskrá

- Ræðumaður: séra Þráinn Haraldsson sóknarprestur
- Ávarp fjallkonu
- Félagar úr kór Saurbæjarprestakalls flytja létt lög undir stjórn David Curtright og Gróu Valdimars
- Latibær
- Leiklistarahópurinn Melló - Gauragangur
- Lalli töframaður mætir með fullt af töfrum, gríni og gleði og gerir einnig blöðrudýr fyrir alla krakka

Fyrir alla fjölskylduna

- Andlitsmálun, byrjar kl. 12
- Hoppukastalar
- Hestamannafélagið Dreyri
- Grillaðar pylsur
- Kaffi og kræsingar
- Blöðrur, sælgæti og gaman saman

KOMUM SAMAN OG FÖGNUM ÞJÓÐHÁTÍÐARDEGINUM

Gæða BAKSTUR SÍÐAN 1993

HVALFJARÐARDAGAR

15. - 17. ágúst 2025

Takið helgina frá

Við hvetjum félög, fjölskyldur, vinahópa, vinnustaði og aðra til að standa fyrir skemmtilegum viðburðum á hátíðinni.

Myndir frá hátíðinni 2024

Nánari upplýsingar verða inn á Facebook síðu Hvalfjarðardaga

ÁFRAM GAKK!

SÍÐUSTU MISSERI KJÖRTÍMABILSINS

Tæpt ár er eftir af kjörtímabilinu, komið að lokasprettinum og því kjörið tækifæri til að staldra við, líta yfir farinn veg og beina sjónum okkar að verkefnum sem unnið hefur verið að og horfa til framtíðar á þau sem eftir standa. Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar hefur unnið eftir málefnasamningi sínum og lagt sig fram um að styðja við vöxt, uppbyggingu og góða þjónustu í sveitarfélaginu. Ýmis verkefni hafa náð fram að ganga á kjörtímabilinu, samhliða hafa innviðir verið efldir og nýjar deildir verið stofnaðar innan stjórnsýslunnar.

Sveitarstjórn hefur samþykkt tíma- og verkáætlun vegna vinnu við fjárhagsáætlun fyrir árið 2026 og þriggja ára áætlun. Sveitarstjórn hvetur íbúa til að senda inn ábendingar, bæði almennar og þær sem nýtast sérstaklega við gerð fjárhagsáætlunar. Sjá ábendingarhnapp **hér.**

Heiðarborg
Tölvuteiknuð mynd

Það eru nú sem fyrr næg verkefni til að vinna að og mun sveitarstjórn leggja sig fram við að ljúka kjörtímabilinu með metnaði og ábyrgð. Hér á eftir verður farið yfir hluta af þeim verkefnum en yfirlitið er þó hvergi nærri tæmandi. Hægt er að lesa fundargerðir, fréttabréf og annað áhugavert efni er varðar sveitarfélagið inni á heimasíðu sveitarfélagsins og hvetjum við alla til að gerast áskrifendur að fréttum á heimasíðunni með því að skrá sig á póstlistann.

GLEÐILEGT SUMAR

KÆRAR KVEÐJUR

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar

VELFERÐ OG FRÆÐSLA

Staða og stefna

Ný deild, Velferðar- og fræðsludeild, var stofnuð í janúar sl., í því skyni að tryggja samfellda og samþætta þjónustu fyrir íbúa sveitarfélagsins. Með stofnun deildarinnar er stefnt að aukinni skilvirkni, bættri yfirsýn og samþættingu þjónustu sem tengist velferðar-, fræðslu-, íþrótta-, æskulýðs-, menningar- og frístundamálum. Samhliða stofnun nýrrar deildar var ákveðið að ráðast í breytingar á nefndum. Breytingarnar fólu í sér sameiningu Fjölskyldu- og frístundanefndar og Fræðslunefndar í eina nefnd, Velferðar- og fræðslunefnd. Markmið sameiningarinnar eru í samræmi við þau markmið sem liggja til grundvallar stofnun nýrrar deildar.

Samhliða innleiðingu farsældarlöggjafarinnar er sveitarfélagið í innleiðingarferli að Barnvænu sveitarfélagi, þar sem sveitarfélagið skuldbindur sig til að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og vinna markvisst eftir hugmyndafræði verkefnisins. Liður í því ferli að gera sveitarfélagið að barnvænu samfélagi samkvæmt viðmiðum UNICEF er að halda barnaþing og fór fyrsta þingið í Hvalfjarðarsveit fram 23. apríl sl. í Heiðarskóla. Barnaþingið heppnaðist afar vel og börnin sýndu bæði metnað og sköpunargleði. Hugmyndir þeirra og tillögur endurspegluðu vilja þeirra til að hafa áhrif á samfélagið sitt. Lögð var rík áhersla á að hlusta á raddir barnanna en virkt lýðræðislegt samtal og þátttaka barna í málum sem snerta líf þeirra er hornsteinn barnvæns samfélags.

Metnaðarfullt skólastarf fer fram í leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar. Samstarf milli skólastiga er öflugt og áhersla er lögð á samfellu í námi og vellíðan barna þegar þau flytjast milli skólastiga, t.d. starfar kennari á yngsta stigi grunnskólans einn dag í viku í leikskólanum. Fyrirkomulagið auðveldar börnum aðlögun þegar þau fara úr leikskóla í grunnskóla og styrkir tengsl milli starfsfólks á báðum skólastigum.

Hönnun nýs leikskólahúsnæðis er hafin með áætlun um rými fyrir 60–68 börn ásamt rúmgóðu útileiksvæði. Lagt er upp með að boðið verði upp á ungbarnadeild en það tryggir nánast undantekningalaust að 12 mánaða börn komast inn á leikskóla í Hvalfjarðarsveit. Nýtt leikskólahúsnæði verður staðsett norður af nýju leiksvæði, Vinavelli, við Innrimel í Melahverfi sem er stærsti þéttbýliskjarninn og er miðsvæðis í okkar víðfema sveitarfélagi.

Sveitarfélagið leggur áherslu á að styðja vel við fjölskyldufólk í sveitarfélaginu og því er leikskólinn gjaldfrjáls milli kl. 09:00-14:00 og 25% afsláttur er af fæðisgjaldi. Börn í grunnskólanum fá einnig gjaldfrjálst fæði líkt og annarstaðar á landinu en í Heiðarskóla er boðið upp á morgunmat, ávexti í millimál, sem og hádegismat.

Hvalfjarðarsveit styður virka þátttöku í tómstunda- og íþróttastarfi með rausnarlegum tómstundastyrkjum þar sem allir íbúar sveitarfélagsins frá fæðingu til 18 ára aldurs eiga rétt á 70.000 kr. tómstundastyrk á ári auk þess sem styrkir eru veittir til keppnis- og æfingaferða erlendis að fjárhæð 30.000 kr. hvor styrkur. Börn á tekjulágum heimilum geta jafnframt fengið sérstakan tómstundastyrk að fjárhæð 30.000 kr. á ári.

Frá janúar 2022 hefur verið í gildi samstarfssamningur við Íþróttabandalag Akraness þar sem markmið Hvalfjarðarsveitar hefur verið að styðja við öflugt íþrótta-, forvarna- og félagsstarf sem fram fer innan Íþróttabandalags Akraness og aðildarfélögum þess, fyrir samfélagið í Hvalfjarðarsveit. Samningurinn tryggir að íbúar í Hvalfjarðarsveit eigi kost á að stunda hvers kyns starf sem fram fer innan Íþróttabandalagsins og aðildarfélaga og greiðir Hvalfjarðarsveit skv. samningnum annars vegar á hvern íbúa sveitarfélagsins og hins vegar á hvern iðkanda úr Hvalfjarðarsveit. Heildargreiðsla Hvalfjarðarsveitar til ÍA árið 2024 var t.a.m. tæplega 6 mkr. fyrir utan hefðbundin æfingagjöld.

Í október 2024 var fjárfest í nýjum líkamsræktartækjum og þau tekin til notkunar í íþróttamiðstöðinni Heiðarborg. Vonast er til þess að tækin munu nýtast vel og séu góð viðbót við þau tæki sem fyrir eru. Heiðarborg opnar aftur í ágústmánuði.

Félags- og tómstundastarf fyrir 60 ára og eldri er fjölbreytt í Hvalfjarðarsveit en markmið starfsins er að auka lífsgæði, draga úr félagslegri einangrun og viðhalda færni þar sem þátttaka eykur lífsgæði. Á vegum Hvalfjarðarsveitar er opið hús tvisvar sinnum í mánuði, frá september fram í maí, í félagsheimilinu Miðgarði. Þar fer fram margbreytilegt starf og ávallt er boðið upp á kaffi og kruðerí. Árlegir viðburðir í félagsstarfinu eru jafnframt þorrablót og vorferð sem hvorutveggja hefur verið vel sótt. Hvalfjarðarsveit býður einnig upp á vatnsleikfimi fyrir 60 ára og eldri, tvisvar sinnum í viku yfir vetrartímann í íþróttamiðstöðinni Heiðarborg. Að lokinni vatnsleikfimi geta þátttakendur fengið hádegismat í Heiðarskóla, gegn vægu gjaldi.

Í Hvalfjarðarsveit eru að auki margir hópar, félög og samtök sem efla og glæða samfélagið lífi með margvíslegu starfi sínu, þar má nefna kóra, kvenfélög, skógræktarfélag, búnaðarfélag, ungmennafélög, foreldrafélag, félag eldri borgara og hannyrðir.

MANNVIRKI- OG FRAMKVÆMDIR

Staða og stefna

Ör vöxtur og uppbygging er í Hvalfjarðarsveit þar sem íbúum fjölgar stöðugt, tæplega 6% fjölgun var á síðastliðnu ári og ný hús halda áfram að rísa. Í lok maí var fjöldi íbúa í Hvalfjarðarsveit 808 samkvæmt gögnum frá Þjóðskrá.

Miklar framkvæmdir standa nú yfir við byggingu nýs íþróttahúss við Heiðarborg. Nýverið fór fram opnun tilboða í 2. áfanga sem felur í sér frágang innanhúss, lagnir, raflagnir, innréttingar ásamt frágangi lóðar. Tilboð barst frá K16 ehf. Sjá nánar um tilboðið inn á heimasíðu sveitarfélagsins. Það er ekki einungis íþróttakennsla grunnskólabarna sem mun njóta nýrrar aðstöðu heldur svo ótal margt fleira sem ný bygging mun færa samfélaginu. Hugsjónin er að með nýju íþróttahúsi verði Heiðarborg samfélagsmiðstöð sem rúmi skóla-, íþrótta, frístunda-, félags- og samkomustarf fyrir alla aldurshópa. Markmiðið er að styðja við og efla þróun íþrótta- og frístundastarfs í sveitarfélaginu og um leið stuðla að almennri lýðheilsu allra íbúa Hvalfjarðarsveitar, t.a.m. með heilsueflingu og styrkingu forvarna. Heiðarborg hýsi og rúmi til framtíðar fjölbreytt og öflugt starf öllum íbúum og gestum sveitarfélagsins til heilla og að þar munu öll sjá sér hag í að virkja og nýta aðstöðuna þannig að hún blómstri frá fyrsta degi.

Hönnun nýs leikskólahúsnæðis í Melahverfi er hafin með áætlun um rými fyrir 60–68 börn ásamt rúmgóðu útileiksvæði. Stefnt er að upphafi byggingarframkvæmda á árinu 2026/2027 eða strax í kjölfar lokafrágangs nýs íþróttahúss. Nýverið voru tilboð opnuð í gatnaframkvæmdir í 3. áfanga Melahverfis, en um er að ræða gatnagerð fyrsta áfanga skipulagsins, sem lokið skal að fullu í árslok 2025. Sjá nánar um tilboðin inn á heimasíðu sveitarfélagsins. Deiliskipulag svæðisins gerir ráð fyrir fjölbreyttum búsetukostum hvað varðar stærð og gerð íbúðarhúsnæðis. Vonir standa til að unnt verði að úthluta lóðum öðru hvoru megin við áramótin 2025/2026, en úthlutun verður auglýst sérstaklega á heimasíðu sveitarfélagsins. Ákveðið hefur verið að nafn nýrrar götu neðan Bugðumels verði Holtamelur og nafn nýrrar götu ofan Bugðumels verði Urðarmelur.

Frá árinu 2020 hefur markvisst verið unnið að gerð göngu- og reiðhjólastíga víðsvegar í sveitarfélaginu. Lagðir hafa verið stígar í Krosslandi, á Innnesi, við Saurbæ á Hvalfjarðarströnd, meðfram Eiðisvatni neðan Melahverfis og áfram verður haldið til framtíðar með metnaðarfulla áætlun stígagerðar í Hvalfjarðarsveit.

Vinavöllur í Melahverfi var tekinn í notkun árið 2023 að loknu þriggja ára hönnunar- og framkvæmdaferli. Vinavöllur hefur frá upphafi verið vinsæll og með hækkandi sól fjölgar sífellt gestum sem heimsækja svæðið. Vinavöllur býður upp á fjölbreytta afþreyingu fyrir alla aldurshópa, svo sem grillaðstöðu, körfuboltavöll, ærslabelg, hengirúm, leiktæki og bekki. Nýverið var unnið að endurbótum og lagfæringum á leiksvæðinu við Hlíðarbæ og á yfirstandandi ári er gert ráð fyrir að unnið verði að skipulagningu opins útivistarsvæðis í Krosslandi sem mun auka enn frekar fjölbreytta útivistarmöguleika í sveitarfélaginu.

Fyrir jólin 2024 voru settar upp jólastjörnur á ljósastaura í Melahverfi, Krosslandi og Hlíðarbæ, sem vöktu ánægju og jólalega stemmningu. Stjörnurnar verða settar upp að nýju fyrir komandi jólahátíð, auk þess sem stefnt er að frekari jólaljósaskreytingu á Vinavelli, til að auka hátíðleika og hlýlegt andrúmsloft á svæðinu.

Í Hvalfjarðarsveit er unnið markvisst að innviðauppbyggingu vaxandi samfélags í takt við fjölgun íbúa þar sem markmiðið er að gera gott enn betra til framtíðar og skapa umhverfi þar sem núverandi og komandi kynslóðir geti blómstrað.

MENNING OG MARKAÐSMÁL

Staða og stefna

Breyting hefur verið gerð á skipan Menningar- og markaðsnefndar, þar sem fjöldi aðal- og varamanna var fækkaður úr fimm í þrjá. Sú breyting endurspeglar breytt hlutverk og umfang nefndarinnar, þar sem ákveðið hefur verið að fela utan að komandi aðilum skipulagningu og framkvæmd Hvalfjarðardaga sem nefndin sá áður alfarið um.

Tónlistarfélag Hvalfjarðarsveitar og kór Saurbæjarprestakalls hafa lengi séð um 17. júní hátíðarhöldin í Hvalfjarðarsveit fyrir sveitarfélagið. Skógræktarfélag Skilmannahrepps hefur haldið utan um páskaeggjaleit í Álfholtskógi og nemendur í 9. og 10. bekk hafa skipulagt jólagleði á Vinavelli fyrir sveitarfélagið. Ákveðið var að fara sömu leið með Hvalfjarðardaga, en þeir Valdimar Ingi Brynjarsson og Hjörvar Gunnarsson munu sjá um skipulag og framkvæmd þeirra árið 2025.

Í samstarfi við auglýsingarstofuna ENNEMM hefur verið ráðist í kynningar- og markaðsátak. Samfélagsmiðlaherferð hefur verið í gangi síðustu misseri, nánari upplýsingar um hana má finna á næstu síðu. Næstu skref í markaðsstarfi eru að auglýsa lausar lóðir í Melahverfi III, um leið og það verður unnt, auk þess sem unnið er að því að koma upp nýju aðkomutákni fyrir sveitarfélagið.

Unnið hefur verið að því að útbúa áningarstað við sögu- og merkistaðaskiltin í sveitarfélaginu og hafa nú verið settir upp bekkir við Hallgrímskirkju í Saurbæ, þar sem fyrsta slíka skiltið var reist. Þar má einnig finna göngustíg sem liggur niður að fjörunni, sem gerir staðinn að kjörnum áningarstað. Tilvalið er að leggja leið sína að skiltinu með nesti og fara síðan í göngu niður að fjöru, umvafin kyrrð og náttúrufegurð.

Í tengslum við samfélagsmiðlaherferð sem Hvalfjarðarsveit hefur staðið fyrir á undanförnum misserum, var ákveðið að taka saman greinagerðir um ýmsa þætti er varða sveitarfélagið okkar.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar hvetur íbúa til að rýna í greinargerðirnar sem má finna inn á heimasíðu sveitarfélagsins, sjá hér:

Greinargerð

Greinargerð

Greinargerð

Greinargerð

Greinargerð

Greinargerð

UMHVERFI, SKIPULAG, NÁTTÚRUVERND OG LANDBÚNAÐUR

Staða og stefna

Ný deild, Umhverfis- og skipulagsdeild, var stofnuð innan stjórnsýslu sveitarfélagsins vorið 2024. Helstu verkefni deildarinnar eru á sviði skipulags-, framkvæmda- og byggingarmála, umhverfis-, náttúruverndar- og landbúnaðarmála. Innan Umhverfis- og skipulagsdeildar starfa deildarstjóri og þrír verkefnastjórar. Markmið sveitarfélagsins með stofnun Umhverfis- og skipulagsdeildar er m.a. að efla þann slagkraft sem ofangreind verkefni þarfnast í ört vaxandi sveitarfélagi með stöðugleika, trausta og faglega þjónustu að leiðarljósi.

Hvalfjarðarsveit, í samstarfi við landeigendur í Stóra-Botni, fengu úthlutuðum kr. 16.800.000 úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða í ár fyrir áframhaldandi verkefna við fossinn Glym í botni Hvalfjarðar. Styrkurinn er veittur til að stýra umferð ferðafólks m.a. með gerð stíga, þrepa og merkinga, sem og viðhalda og lagfæra gönguleiðina eftir ágang og veðrun.

Álfholtsskógur er vinsæll og fallegur útivistarstaður í Hvalfjarðarsveit, í umsjón Skógræktarfélags Skilmannahrepps. Samþykktur var í vor nýr samstarfssamningur við Skógræktarfélagið til næstu þriggja ára, þ.e. fyrir tímabilið 2025–2027.

Úrgangsmál í Hvalfjarðarsveit eru ofarlega á baugi, hvort sem um ræðir stöðu grenndargáma, hreinsunarátak eða önnur tengd málefni. Í nóvember 2024 var undirritaður nýr samningur við Íslenska gámafélagið og mun því gott samstarf Íslenska gámafélagsins og sveitarfélagsins halda áfram næstu árin. Í samningnum felst sérstök söfnun og afsetning á pappa og pappír, plasti, matarleifum og blönduðum úrgangi frá heimilum, bæði í þéttbýli og dreifbýli í Hvalfjarðarsveit, stofnunum sveitarfélagsins og grenndarstöðvum. Þess má geta að íbúar Hvalfjarðarsveitar standa sig afar vel í flokkun á heimilisúrgangi.

Samþykkt hefur verið tillaga um að innleiða veitingu Umhverfisverðlauna Hvalfjarðarsveitar. Með viðurkenningunni vill sveitarfélagið hvetja íbúa til að hugsa vel um nærumhverfi sitt og verðlauna þá sem skara fram úr í snyrtimennsku og umhirðu garða sinna eða lögbýlis. Auglýst verður á heimasíðu sveitarfélagsins eftir tilnefningum og unnið úr þeim nafnlaust.

Skýjaborg hlaut sinn áttunda Grænfána í maímánuði og Heiðarskóli tók á móti sínum níunda. Í Heiðarskóla er starfandi Umhverfisnefnd sem skipuð er einum fulltrúa úr hverjum bekk ásamt nokkrum starfsmönnum skólans. Heiðarskóli gefur einnig út eigið umhverfisblað, Heiðarsóley, en nýjasta blaðið kom út í byrjun júní. Efnið í blaðinu er fjölbreytt og unnið af áhugasömum nemendum á yngsta, mið- og unglingastigi. Hægt er að lesa blaðið **hér.**

Nýjar, endurskoðaðar gjaldskrár byggingar- og skipulagsfulltrúa hafa verið samþykktar og birtar í B-deild Stjórnartíðinda. Markmiðið með endurskoðuninni var að einfalda fyrri gjaldskrá, þrepaskipta gjaldaliðum en ekki að hækka gjaldskrána almennt.

Umsagnir, fjallskil, tilkynningar um framkvæmdir, umsóknir um framkvæmdarleyfi og fleira má finna í fundargerðum Umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar- og landbúnaðar-nefndar. Á heimasíðu Hvalfjarðarsveitar birtast einnig reglulega fréttir og tilkynningar, meðal annars um auglýstar tillögur að breytingum á aðalskipulagi, skipulagslýsingar, deiliskipulagstillögur og fleira. Sveitarstjórn hvetur íbúa til að fylgjast með vefnum og bendir jafnframt á að hægt er að gerast áskrifandi að fréttum, sjá **hér.**

Gleðilegt sumar

HVALFJARÐARSVEIT

2025